

Fundur í fræðslu og skólanefnd haldinn í Laugargerði kl. 14:00 26. okt. 2011

Mætt eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri, Sigurður Jónsson fulltrúi kennara og Hulda Þórðardóttir fulltrúi Borgarbyggðar. Sigríður boðaði forföll.

- Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Byrjað á að fara um skólann og líta inn í kennslustofur og leikskóladeild.
- Kristín Björk gerir grein fyrir starfsemi skólans, fór í gegnum handbók skólans sem og námskrá skólans. Skóla og fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við handbók og námskrá skólans og staðfestir þær þar með.
- Sigurður fer yfir námsáætlanir og skoðað var námsefni skólabarna. Hann fór líka yfir hvernig leiðsagnarmat virkar.
- Kristín Björk sagði frá að verið væri að undirbúa þemaviku með vináttu sem aðalþema og flétta inní fjölmenningu.
- Rætt um leikskólabörn í skólabílum og ákveðið að beina því til bílstjóra að fara varlega í að taka þau með þegar veður og færðar aðstæður væru erfiðar. Jafnframt bendir nefndin foreldrum leikskólabarna á ábyrgð sína við að senda börnin í skólabílunum við erfiðar aðstæður.

Fundargerð Katrín / Hulda.
Fundi slitið.